

1 Tilgangur og gildissvið

Þessi verklagsregla tengist HB-001 Handbók jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að virkni jafnlaunakerfisins sé kannað með kerfisbundnum hætti með það að markmiði að leita tækifæra til umbóta í ferlum og á kerfinu. Verklagsreglan gildir fyrir innri úttektir vegna jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri.

2 Ábyrgð

Rekstrar- og fjármálastjóri undirbýr og ber ábyrgð á gerð úttektaráætlunar og að velja úttektaraðila vegna innri úttekta. Farið er yfir niðurstöður innri úttekta í rýni stjórnenda og er hluti af rýni stjórnenda er kemur að jafnlaunakerfinu metur úttektaráætlun og samþykkja hana. Hann ber ábyrgð á að innri úttekt verði framkvæmd árlega og ber ábyrgð á úrvinnslu og eftirfylgni.

Val á úttektaraðilum skal tryggja hlutlægni og hlutleysi úttektarferlisins. Skólinn lítur svo á að þeir sem komu að innleiðingu jafnlaunakerfisins og ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis séu ekki óháðir aðilar í þessum skilningi og geta því ekki sinnt innri úttektum. Til þessa skal litið við val á úttektaraðilum hverju sinni.

3 Framkvæmd

Rekstrar- og fjármálastjóri gerir úttektaráætlun (**Innri úttekt - Áætlun**) og gætir þess að úttektaraðilar hafi til þess viðeigandi þekkingu.

Í innri úttekt er farið yfir jafnlaunakerfið, skjöl þess og skráningar, og rætt við starfsmenn eftir þörfum. Úttektaraðilar skrá tækifæri til úrbóta, frávik og athugasemdir sem fram koma á gátlista innri úttektar. Þegar úttekt er lokið tekur úttektaraðili saman úttektarskýrslu og kemur á framfæri við ábyrgðaraðila jafnlaunakerfis. Þau atriði sem koma fram í innri úttektum eru skráð og úrbætur ákvarðaðar samkvæmt JVR-004 Verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir – jafnlaunakerfi.

Innri úttekt skal fara fram ekki seinna en í júní á hverju ári.

Niðurstöður innri úttekta eru vistaðar og þær rýndar samkvæmt HB-001 Handbók jafnlaunakerfis, kafla 4: Rýni stjórnenda.

4 Tilvísanir

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.5.5 Innri úttektir

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu:

Innri úttekt - Áætlun

Úttektarskýrsla innri úttekta

Handbók jafnlaunakerfis

JVR-004 Verklagsregla um frábrigði, úrbætur og forvarnir – jafnlaunakerfi

Jafnlaunastefna Verkmenntaskólans á Akureyri á vef skólans